

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins, fyrirtækja hans og stofnana.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

57. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum. Um réttindi þeirra fer eftir reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Akureyrar svo og réttindum og skyldum opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

58. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur gert, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld Samþykkt um stjórn Akureyrar nr. 143/1962 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línal.

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabótaauka á árinu 1988.

1. gr.

Á árinu 1988 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1987 samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. laga nr. 75/1981. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Framferandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1987. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framferandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

3. gr.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu 1987 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

4. gr.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu gjaldárið 1988, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsroð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
8. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

5. gr.

Barnabótaauki samkvæmt þessari reglugerð skal greiddur út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

6. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram á árinu 1988 til þeirra framfæranda barna sem nutu barnabótaauka á árinu 1987. Fyrirframútborgun skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok 1987 og heimilisföst voru hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 55% af greiddum barnabótaauka á árinu 1987. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Fyrri greiðslan skal greiðast út eigi síðar en 1. febrúar en seinni greiðslan eigi síðar en 1. maí.

7. gr.

Ríkisbókhald sér um útborgun barnabótaauka samkvæmt 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabótaauka eða að barnabótaauki hafi verið ákvarðaður of hátt skal skattstjóri leiðrétta hann. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 9. gr. laga nr. 92/1987, um breyting á þeim lögum, og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast gildi 1. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 27. janúar 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Þorláksson.